

Uppsetning og kröfur vegna vefsíðna

Áður en vefsíðan er opnuð fyrir viðskipti þarf að ganga úr skugga um að neðangreind atriði séu til staðar. Til að tryggja öryggi þitt sem seljanda og sömuleiðis réttindi korthafa þá þarf vefsíðan að uppfylla ákveðnar kröfur og viðmið sem settar hafa verið fram af kortafélagunum.

Það er á þína ábyrgð að þessi atriði séu í lagi og geta umrædd atriði skipt miklu máli þegar kemur að endurkröfuáhættu, ef vefsíðan er ekki í samræmi við neðangreindar kröfur eykst endurkröfuáhætta og líkurnar á því að fyrirtæki þitt tapi endurkröfum. Með þessu er einnig verið að uppfylla kröfur kortafélaganna, Mastercard og Visa. Fylgja þarf neðangreindu til hins ítrasta.

Skýr vörulýsing

Að hafa skýra lýsingu á vörum mun minnka óánægju viðskiptavina með keyptar vörur eða þjónustu. Vörulýsing ætti að:

- Vera með myndum þar sem hægt er
- Komast hjá því að nota misvísandi eða rangar upplýsingar

Upplýsingar um fyrirtæki

Mælt er með því að þessar upplýsingar séu settar til dæmis í fót síðunnar. Mikilvægt er að viðskiptavinir geti auðveldlega haft samband við söluaðila. Ráðlagt er að:

- Vera með mismunandi tölvupóstföng fyrir tilboð, aðstoð og afhendingar fyrir skilvirka innri ferla
- Nota sjálfvirka svörun á móttöku tölvupósta þar sem fram kemur tímarammi á svörun við fyrirspurn
- Hafa upplýsingar um fyrirtækið og hvernig hægt er að hafa samband sýnilegt á forsíðu

Eftirfarandi þarf að koma fram á heimasíðunni:

1. Nafn fyrirtækis (Ehf nafnið, nafn félags eða einstaklings eftir því sem við á, í raun nafn kennitölunnar sem skráð er fyrir samningi hjá SaltPay)
2. Símanúmer
3. Kennitala
4. VSK-númer (Athugið að ef starfsemin er ekki með VSK númer þarf það ekki að vera til staðar)
5. Heimilisfang
6. Netfang
7. Ef um greiðslugátt er að ræða þarf einnig að setja upp hvaða kortategundum hægt er að greiða með, sjá vörumerki [hér](#)

Skilmálar (e. Terms & Conditions)

Skilmálar þurfa að vera til staðar á síðunni til að uppfylla skyldur til upplýsingagjafar. Skilmálarnir eru ekki eingöngu fyrir viðskiptavinum heldur mjög mikilvægir til að vernda fyrirtæki þitt með því að ganga úr skugga um að viðskiptavinir þekki réttindi sín og skyldur.

Skilmálarnir hjálpa þér að koma í veg fyrir óvissu viðskiptavina og misskilning, þannig að passa þarf að hafa þá skýra varðandi hvað þarf að gera í öllum aðstæðum sem upp geta komið. Neytendur ættu að vera upplýstir um öll mál sem fylgja flutningum og afhendingu, skilastefnu og persónuverndarstefnu auk upplýsinga um verðlagningu, greiðsluform, skatta og þess háttar.

Eftirfarandi þarf að koma fram:

1. Verð vöru/þjónustu er m VSK og öllum auka kostnaði (Taka skal fram að verð á síðunni innihaldi x% VSK).
2. Vöruskil og endurgreiðslur
Hér þarf að taka skýrt hverjir skilmálar eru við endurgreiðslu á vöru eða þjónustu og hver tímafresturinn er til að skila eða óska eftir endurgreiðslu. Skilmálarnir þurfa að vera skýrir og til að tryggja að kaupandi samþykki skilmálana er best að bjóða upp á samþykktarhnapp. Ef skilmálar vegna vöruskila og endurgreiðslna eru óskýrir aukast líkur á endurkröfum.
3. Ábyrgðarskilmálar (T.d hversu lengi vörur eru í ábyrgð, hvernig ábyrgð er háttað þegar um þjónustu er að ræða).
4. Lög um varnarþing (e. Governing Law) Um varnarþing:
Seljandi skal taka fram í skilmálum sínum að landslög eigi við um viðskiptin og taka skal fram hvert sé varnarþing seljanda. Varnarþing er sá staður sem sækja má einstakling/félag fyrir dómi rísi upp ágreiningur, svo sem héraðsdómur Reykjavíkur ef lögheimili einstaklings eða varnarþing skráðs félags er skráð í Reykjavík. Nánar um varnarþing má finna í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991.
5. Afhendingarskilmálar:
Mjög mikilvægt er að birta afhendingarskilmála á vefsíðunni. Hér er gott að skilmálar innihaldi þá afhendingamöguleika sem eru í boði ásamt tímaramma á afhendingu og þann kostnað sem sendingin hefur í för með sér. Passið að hafa eftirfarandi í skilmálum:
 - a. Afhendingarmáti
 - b. Afhendingartími
 - c. Flutningsaðili
 - d. Sendingarkostnaður
6. Persónuverndarupplýsingar/Trúnaður (e.Privacy policy) Um Persónuvernd:
Slík stefna þarf að vera með skýrum upplýsingum um notkun persónulegra eða viðkvæmra gagna. Hér þarf að tilgreina hvaða upplýsingum er safnað frá viðskiptavinum og hvað er gert við þær. Einnig þarf að skilgreina hvaða upplýsingar eru geymdar eða fluttar til þriðja aðila. Einnig, ef safna á gögnum af póstlistum, þarf að gefa leiðbeiningar

um hvernig á að afþakka að vera á póstlista og hvernig viðskiptavinir geta leiðrétt eða látið fjarlægja gögn um sig.

Persónuverndarstefnan skal uppfylla kröfur laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 og innihalda að minnsta kosti þau réttindi einstaklinga sem kveðið er á um í lögnum:

- Upplýsingaréttur
- Réttur til aðgangs að gögnum
- Réttur til leiðréttingar
- Réttur til eyðingar
- Réttur til takmörkunar vinnslu
- Réttur til að flytja eigin gögn
- Andmælaréttur
- Sjálfvirk ákvarðanatataka, þ.m.t. gerð persónusniðs

Hak vegna samþykkis á skilmálum

Í greiðsluferli eða körfu er seljanda skylt að hafa hak þar sem viðskiptavinur staðfestir að samþykkja skilmála og þurfa þeir að vera aðgengilegir í hlekk sjá dæmi:

Ég hef kynnt mér skilmála og vöruskila- eða afbókunarskilmála *

Hér getur viðskiptavinur ýtt á hlekkinn „ég hef kynnt mér skilmála og vöruskila- eða afbókunarskilmála“ og nýr gluggi opnast með skilmálum.

Eftirfarandi á við um hakið:

- Ekki er heimilt að hakað sé í boxið fyrirfram.
- Ekki er heimilt að viðskiptavinur komist áfram í greiðsluferlinu án þess að hakað sé við að staðfesta skilmála og vöruskila- eða afbókunarskilmálarnir (Terms & Conditions and Cancellation Policy). Sjá nánar sérstakar reglur alþjóðlegu kortafélaganna um birtingu skilmála á netinu um afbókanir og vöruskil [hér](#)
- Þegar vefsíðukerfi Shopify er notað er einungis í boði að setja hak í körfu og má finna leiðbeiningar um uppsetningu hjá Shopify.
- Ef tengja á [greiðslutengla](#) á heimasíðu þarf að ganga úr skugga um að umrætt hak sé á síðunni áður en viðskiptavinur kemst áfram á greiðslusvæði.

Nafn *

Netfang *

Ég samþykki skilmála

KAUÐA

Hér er dæmi um uppsetningu á vefsíðu. Greiðslutengill er svo tengdur við „Kaupa“ hnappinn.

Upplýsingar varðandi uppsetningu á 3D Secure

Heimasíðan þín þarf að vera tengd 3D Secure, sjá nánari upplýsingar [hér](#)

Ef um greiðslusíðu eða greiðslutengla er að ræða er tengingin sjálfvirk og þarft þú ekkert að gera til að tengjast.

Varðandi greiðslugátt og RPG þá er uppsetning í þínum höndum.

Leiðbeiningar vegna uppsetningar fyrir RPG má finna [hér](#)

Leiðbeiningar vegna uppsetningar fyrir greiðslugátt má finna [hér](#)

Ef þú lendir í einhverjum tæknilegum vandræðum með að tengja vefsíðuna þína við SaltPay bendum við á leiðbeiningar okkar sem má finna [hér](#)